

Nr. 34/1907:

Verzlunarstjóri Jón A. Egil-
sen fyrir hönd N. Chr. Grams
verzlunar í Stykkishólmi.

gegn

Guðjóni Guðmundssyni.

D ó m u r:

Mál þetta er höfðað af áfrýjandanum, verzlunar-
stjóra Grams verzlunar í Stykkishólmi, fyrir gestarétti
Snæfellsness- og Hnappadalssýslu gegn stefnda, Guðjóni
bónda Guðmundssyni á Saurum í Helgafellssveit, til
lúkningar á skuld að upphæð 787 kr. 60 a., og var
það dæmt í nefndum rétti hinn 13. marz mánaðar þ. á.
þannig, að stefndi skyldi greiða áfrýjandanum 507 kr.
60 a. með 5% vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags,
en vera að öðru leyti sýkn af kröfu hans í málinu, og
málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdóms-
ins með stefnu, dags. 22. ágúst þ. á., og krafist þess,
að dóminum verði breytt þannig, að stefndi verði
dæmdur til að greiða alla hina umstefndu skuld 787 kr.
60 a. með 5% vöxtum frá stefnudegi 22. febrúar þ. á.
til borgunardags, svo og málskostnað fyrir undir- og
yfirrétti eftir mati yfirdómsins. Stefndi kom eigi í yfir-
dóminn og enginn af hans hendi, og var honum þó
löglega stefnt, og verður því að dæma málið eftir skjöl-
um þeim og gögnum, er fram hafa verið lögð af áfrý-
janda hálfu, sbr. N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní
1796, 2. gr.

Stefndi hefir kannast við að skulda verzlun áfrý-
janda 507 kr. 60 a. af hinnu umkröfðu skuld og sam-

þykt að greiða 5% vexti af þeirri upphæð frá stefnu-
degi, en hann hefir mótmælt 280 kr. af skuldinni, og
voru þau mótmæli tekin til greina af undirdómar-
anum. Þessara 280 kr. krafðist verzlunin sem lands-
skuldar af jörðinni Bjarnarhöfn, eign verzlunarinnar, fyr-
ir fardagaárið 1904—05, en stefndi bjó það ár á jörð-
inni og tvö næstu árin á undan sem leiguliði verzlun-
arinnar. Byggir stefndi neitun sína að greiða landskul-
dina greint ár á því, að enginn samningur hafi verið til
um það, að hann skyldi greiða landsskuld það ár, enda
bjó hann á jörðinni byggingarbréfslaust. Áfryjandi hefir
kannast við, að hann, sem tók við forstöðu verzlunar-
innar árið 1904, hafi að visu ekki samið sérstaklega við
stefnda um landsskuld af jörðinni fyrir árið 1904—05,
en þegar stefndi kom að jörðinni 1902, hafi verið svo
um samið, að stefndi skyldi greiða eftir jörðina alls 400
kr., þar af 120 kr. í leigur. Stefndi greiddi raunar ekki
árið 1902—03 nema 1 vætt í landsskuld, sökum þess, að
jarðarhúsin voru þá í miður góðu ástandi, en árið 1903
—04 greiddi hann fult eftirgjald 400 kr., þar í lands-
skuld 280 kr., sem hann greiddi áfryjanda, án þess að
fara fram á neina breyting á leigumálanum. Hafi áfry-
jandi því talið það sjálfsagt, er ekkert var um breytingu
talað milli þeirra, að leigumálinn héldist óbreyttur, enda
hafi og stefndi ummælalaust greitt leigurnar næsta ár
með sömu upphæð og verið hafði, 120 krónum, og
sýnt með því, að hann álti sig skyldan að greiða það
ár hið sama eftirgjald sem fyr. Þessari staðhæfingu á-
fryjanda, að leigumálinn á jörðinni hafi verið þegjandi
endurnýjaður fyrir árið 1904—05, hefir stefndi eigi
hnekt með neitun sinni einni um að samningar hafi

verið til um það, að hann skyldi greiða landskuld það ár, því að hann hefir eigi haldið því fram, að neinn samningur hafi gjörður verið milli hans og landsdrottins sérstaklega um leigumálann 1904--05, en án slíks samnings hafði áfryjandi rétt til að líta svo á, að stefndi hefði með því að sitja áfram á jörðinni undirgengist að greiða sama eftirgjald eftir hana sem árið áður.

Það verður því að dæra stefnda til að greiða áfryjanda einnig hina umkröfðu lóndskuldarupphæð 280 kr. ásamt 5% vöxtum frá stefnudegi til borgunardags, og breyta dóminum samkvæmt því. Það virðist og rétt, að stefndi greiði áfryjanda í málskostnað 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Guðjón bóndi Gunmundsson á Saurum, greiði áfryjanda verzlunarstjóra Jóni A. Egilsen fyrir hönd N. Chr. Grams verzlunar í Stykkishólmi 787 kr. 60 a. með 5% vöxtum á ári frá stefnudegi 22. febrúar þ. á. til borgunardags og 30 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-æðför.